

Hverfisráð Hríseyjar

169. fundur.

Fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 20:00 var haldinn 169. fundur hverfisráðsins í Hlein.

Mætt voru; Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Narfi Freyr Narfason.

Fundargerð ritaði Ásrún Ýr Gestsdóttir.

Dagskrá:

1. Aðalfundur hverfisráðs Hríseyjar:

Aðalfundur hefur verið auglýstur miðvikudaginn 29. maí kl. 18:00 í Hlein.

2. Hreinsunardagur:

Ákveðið að efna til hreinsunardags laugardaginn 25. maí kl. 11:00. Að venju verður grillað að hreinsun lokinni.

3. Sparkvöllur í Hrísey:

Á bæjarstjórnarfundum unga fólksins var gervigrasvöllur í Hrísey á dagskrá hjá ungmennaráði Akureyrarbæjar. Gagnrýnir hverfisráð svar bæjarfulltrúa við erindinu og hvarmar að ekki sé litið jákvætt á að byggja upp sparkvöll í Hrísey. Myndi slíkur völlur bæta mikið aðstöðu barna og ungmenna í leik og myndi hann einnig auka og bæta aðstöðu til göngu og hreyfingu fyrir öll sem í Hrísey búa eða dvelja, þar sem takmarkaður aðgangur er að íþróttahúsinu. Óskar hverfisráði eftir samtali við fræðslu- og lýðheilsusvið og umhverfis- og mannvirkjasvið vegna málsins sem og vegna almennar uppbyggingar á skólalóð Hríseyjarskóla.

4. Önnur mál:

- Maður sem ólst upp í Hrísey hafði samband við formann hverfisráðs og vill gefa Hrísey garðbakk af vandaðri gerð. Mun bekkurinn koma sér vel sem hvíldarstaður fyrir öll sem ganga um eyjuna.
- Saunaklefinn sem hverfisráð sá um að fá við sundlaugina er kominn upp en beðið er eftir rafvirkja til þess að klára að tengja hann. Mikil ánægja er í samfélaginu með þetta framtak.
- Fagnar hverfisráð framtaki kvenfélags Hríseyjar að gefa infrarauðaklefa til sundlaugarinnar og vísar til að staða til heilsuefningar og slökunar í Hrísey er í miklum framförum.
- Rætt um stöðu göngustíga á hátíðarsvæðinu og ástand sjósundsstiga, sem er verulega slæmt.
- Almenningssalerni og aðgangur að þeim yfir vetrartíma rætt. Þörf er á að finna betri lausn á málinu fyrir næsta vetur.

Fundi slitið 21:30